



Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1451

komudagur 16/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Selfossi 11. apríl 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verslunarmannafélags Árnæssýslu um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni.

Stjórn Verslunarmannafélags Árnæssýslu fjallaði um frumvarpið á fundi sínum í dag 11. apríl og fylgir svar hér á eftir:

Stjórn Verslunarmannafélags Árnæssýslu krefst þess að “Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur” verði dregið til baka og aðilar vinnumarkaðarins fái þannig tíma til að vinna áfram í sátt að gerð ramma-samnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Stjórnin telur að frumvarpið feli í sér alvarlega íhlotun í innri mál stéttarfélaganna og að þar sé vegið að lýðræðislegum rétti launafólks til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum, grundvallarbreytingar eru gerðar á verkfallsheimildinni og sáttasemjara fært mjög aukið vald.

Stjórn Verslunarmannafélags Árnæssýslu telur að stjórnvöld hafi með framlagningu frumvarpsins gefið skýra yfirlýsingu um að þau óski ekki eftir þríhliða samstarfi á vinnumarkaði og þannig rofið áratuga sátt.

Stjórnin ítrekar kröfu um að umrætt frumvarp verði dregið til baka.

F.h. Verslunarmannafélags Árnæssýslu,

Hansína A. Stefánsdóttir
Hansína A. Stefánsdóttir, formaður

Samrit sent þingmönnum og miðstjórn ASÍ.